

Forsætisnefnd

Kjörgengi Kristínar Soffíu Jónsdóttur

Á fundi borgarstjórnar þann 21. nóvember 2017 var lagt fram bréf forsætisnefndar, dags. 17. nóvember sl., til borgarstjórnar vegna kjörgengis Kristínar Soffíu Jónsdóttur, sbr. 1. lið fundargerðar forsætisnefndar frá 17. nóvember 2017. Einnig var lagt fram minnisblað Trausta Fannars Valssonar, dósents í lögfræði við Háskóla Íslands, dags. 2. nóvember 2017, og minnisblað LOGOS, dags. 15. nóvember 2017.

Borgarstjórn samþykkti að Kristín Soffía Jónsdóttir hafi ekki misst kjörgengi. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, óháður borgarfulltrúi, sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að Reykjavíkurborg hefði átt að fá úrskurð ráðuneytis sveitarstjórnarmála vegna vafa um kjörgengi Kristínar Soffíu Jónsdóttur. Slík afgreiðsla er faglegri og eðlilegri því þrátt fyrir lögfræðialit um að borgarfulltrúinn hafi líklega ekki misst kjörgengi eru ákvæði sveitarstjórnarlaga svo skýr um missi kjörgengis að mikilvægt er að formlegur úrskurður verði kveðinn upp af ráðuneytinu.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Í lögum um kosningar til sveitarstjórna kemur fram í 98. gr. að það er sveitarstjórn sem úrskurðar um hvort sveitarstjórnarmaður hafi misst kjörgengi. Í þeim kemur einnig fram að skjóta má slíkum úrskurði sveitarstjórnarinnar til ráðuneytisins og að úrskurði þess má svo skjóta til dómstóla. Lögin eru þannig afdráttarlaus um að það er borgarstjórn sem ber að úrskurða um kjörgengi borgarfulltrúans en síðan má skjóta þeim úrskurði til æðra stjórnsýslustigs. Ljóst má vera að málsmeðferð borgarstjórnar er að öllu leyti í samræmi við ákvæði laganna og er hún undirbyggð af lögfræðialitum.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Samrit:
Kristín Soffía Jónsdóttir

